




Hjálparsveitin **DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 8. árg. Desember 2008

Gleðilegt ár!



FLUGELDAMARKAÐUR

DALBJARGAR HRAFNAGILSSKÓLA



Bústólpi

Óskar viðskiptavininum sínum

gleðilegrar jólahátíðar

með þökk fyrir viðskiptin á liðandi ári.



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR



- ▶ Malbikun
- ▶ Malbiksviðgerðir
- ▶ Kranabíll
- ▶ Vinnulyftur



Sími

462 6066

892 8330 - Fax 462 6306

Flögusiða 2 - 603 Akureyri - malbikunkm@islandia.is

Fljótandi malbik

Gussasphalt

Frábær lausn fyrir
mjaltabása,
mjólkurhús
og margt fleira



Leiðarinn

Kæru lesendur

Þá er enn eitt árið að líða, og það hefur verið gott ár fyrir hjálparsevitina. Það er alltaf gott að geta leitað í gefandi starf eins og hjálparsevitarstörf. Þar eru allir með sama markmið, að þjálfa og mennta sig í björgunarmálum, hjálpa og bjarga nauðstöddum og vera í hressum félagskap úti í náttúrunni.

Sífelld meiri kröfur eru nú gerðar til þjálfunar björgunarfólks, því vel undirbúið fólk og góður undirbúningur er lykill að góðu starfi og árangri í leit og björgun. Allir sem fara á útkallsskrá verða að hafa lokið ákveðnum námskeiðum og öðlast reynslu í björgunarstörfum. Einnig verður að viðhalda endurmenntun félaga eins og kostur er. Ég tel að við í Dalbjörg stöndum gríðarlega vel í þessum efnum, enda eigum við mikið af vel menntuðu fólki. Auk þess að sækja námskeið höldum við líka æfingar, en nú í nóvember settu reyndir Dalbjörgarmenn upp útkallsæfingu fyrir félaga sína. Þetta er annað árið í röð sem svo stór æfing er haldin hjá okkur og það er áætluð okkar að hafa það árisvið að setja á svið eina stóra útkallsæfingu fyrir Dalbjörgarmenn.

Það gera sér ekki allir grein fyrir því hve mikið starf þarf að vinna í hjálparsevitinni. Flestar helgar er eitthvað um að vera hjá einhverjum í hjálparsevitinni, það eru námskeið og fundir, viðhald tækja og húsnæðis og alls konar fjáraflanir. Þetta allt gerir fólk fyrir sína hjálparsevit og hefur ánægjuna fyrir. Því segi ég að við verðum að hlúa að fólkinu okkar til þess að fólk hætti ekki bara að starfa. Það gerum við með því að halda litlu jóli, sumargleði og fara í haustferðir, tækjamót og margt fleira. Öllum leik fylgir alvara og þessar ferðir og skemmtanir

eru í raun æfingar. Ferðirnar eru æfingar í landþekkingu og reynslu á tækjum, GPS og ferðamennsku. Skemmtanirnar þjappa höpnum saman og félagarnir kynnast og læra hvert á annað og þekkjast miklu betur. Þetta allt gerir okkur betur undirbúin til að takast á við erfiðar aðstæður, vinna saman og taka erfiðar ákvarðanir sem þarf í björgunaraðgerðum.

Allt þetta er mikill styrkur, og félagarnir sjálfir eru mesti styrkurinn. Tæki og tól eru gagnslaus ef ekki er til fólk sem kann á þau og það er ekkert að gera með það að komast hvert sem er ef fólk kann ekki að bregðast við þeim aðstæðum sem bíða, kannski fjarri öllum öðrum björgum við erfiðar aðstæður.

Nú er eitt árið enn að líða og nýtt bíður. Ég vil óska Dalbjörgarfólki, sveitungum og öðrum velunnurum vel farnaðar á nýju ári og þakka fyrir samstarfið og stuðninginn á liðnum tímum.

Með ósk um áframhaldandi samstarf og stuðning.

Eiður Jónsson
formaður Dalbjargar



Eiður Jónsson, formaður Dalbjargar.



*Óskum viðskiptavinum okkar
farsæls komandi árs
með þakklæti fyrir árið sem er að líða*



Óðinsnes 2 • Sími 460 4800



Unglingadeildin í Borg.

Bangsar - Unglingadeild Dalbjargar

Nú erum við að sigla í gegnum enn eitt árið í unglinda-deild Dalbjargar sem hefur verið starfrækt í 4 ár. Vorið var heldur kröftugra en haustið. Það dattu nokkrir umsjónarmenn út en aðrir bættust í hópinn. Fundir voru haldnir mjög reglulega, eða einu sinni í mánuði, og einnig héldum við námskeið eða gerðum eitthvað annað skemmtilegt í Bangsabúð um einu sinni í mánuði. Við héldum til dæmis kvöldvöku í Bangsabúð þar sem allir krakkarnir og tveir umsjónarmenn gistu og höfðu gaman. Í sumar fóru tvær stelpur frá okkur, þær Guðmunda Steina og Þórlaug, í Útivistarskólann á Gufuskálum. Það þótti lærdómsrík og góð reynsla fyrir stelpurnar og höfðu þær mjög gaman af. Svo tók Dalbjörg sér sumarfrí og unglinda-deildin líka.

Þetta haustið bættist heldur betur í hópinn eða um 15 krakkar. Fyrsti fundurinn var haldinn í september og var hann vel sóttur. Við fórum í gæðahring og sögðum hverju öðru frá okkur og af hverju við vildum ganga í unglinda-deildina. Flestir voru með það að markmiði að láta gott af sér leiða og hjálpa fólki í neyð. Svo hittumst við á Hrekkjavökunni fram í Bangsabúð og borðuðum pizzur og höfðum smá hópefli. Þetta kvöld létum við krakkana fara út í leiki í myrkrinu, en verkefnið var að finna snjóflóðavýla sem var búið að fela á ólíklegustu stöðum. Þegar komið var inn voru allir mjög ánægðir með leikinn og

ákveðnari í að halda áfram björgunarstarfinu. Þessari nótt eyddu krakkarnir í Bangsabúð með þremur umsjónarmönnum. Um morguninn fórum við svo yfir sjúkrabúnaðinn sem sveitin á og prófuðum hann líka.

Starfið verður öflugra eftir áramót. Við komum til með að fara í fjáraflanir, við þurfum að læra meira um það hvað það er að vera björgunarsveitarmaður og við ætlum að taka nokkur stutt námskeið. Okkur langar að hitta aðrar unglinda-deildir og hugmyndin er að fá einhverja sveit í heimsókn til okkar og við gætum til dæmis undirbúið leiki fyrir þau. Á dagskránni er að fara í kassaklífur og svo ætlum við líka að hittast, öll hjálparsveitin, ungir sem aldnir, og hafa þrautabrautir og prófa allan búnað sem sveitin á. Við stefnum líka á að senda duglega og metnaðarfulla einstaklinga í útivistarskólann á Gufuskálum næsta sumar eins og við gerðum síðastliðið sumar.

Þetta er engan veginn tæmandi listi yfir það sem okkur langar að gera á næsta ári og vonandi gefst okkur tími og tækifæri til að gera þetta allt því það er ekki spurning að þetta er þarft og gott starf og gott veganesti út í lífið.

Marsibil Sara Pálmadóttir



Gardyrkjupjónustan
Græna lauf

Ingólfur Jóhannsson
skrúðgarðyrkjufraeðingur
Uppsalar Eyjarfjarðarsveit
Símar: 463 1243 • 896 5358

Útivistarskólinn á Gufuskálum

Í sumar fóru ég og Þórlaug á vegum Dalbjargar í Útivistarskólann á Gufuskálum á Snæfellsnesi. Þar vorum við í fimm daga með 20 öðrum krökkum.

Það sem við lærðum var meðal annars fyrsta hjálp og við fengum að æfa endurlífgun á dúkku. Einn daginn fórum við á hraðbát og í flotbúninga og fengum að stökkva í sjóinn. Það var frábært rústabjörgunarsvæði á staðnum en á því var meðal annars „hús“ sem var alveg hrúnið, göng og turn til að síga úr. Við lærðum líka að nota áttavita, prímus og gera áætlun ef við myndum fara

í útilegu. Við vorum látin leiðbeina annarri manneskju hvernig ætti að bjarga fólki og það var líka mjög gagnlegt.

Einn daginn tókum við okkur til og löbbaðum á ströndina sem er þarna nærri og fengum að síga þar af kletti. Leiðbeinendurnir voru mjög hressir og skemmtilegir og þetta var mjög fræðandi og skemmtileg dvöl.

Guðmunda Steina Józefsdóttir



Hópurinn sem tók þátt í Útílfsskólanum.

**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**



ÁK SMÍÐI

Sími 897 6036

Útköll



Gert við þakið á Sigtúnum.

30. desember

Aftakaveður gekk yfir landið þennan dag og við fórum ekki varhluta af því hér í sveitinni. Í Öxnafell mældist vindhraði 43,7 m/s um kaffileytið, en ekki hefur mælst meiri vindstyrkur þar síðan mælingar hófust. Á Torfum fór vindhraði í hviðum upp í 34 m/s.

Björgunarsveitin var kölluð út þrisvar sinnum þennan dag til að aðstoða íbúa sveitarinnar vegna hvassviðris og skemmda af völdum þess.


Upp úr kl.16 var óskað eftir aðstoð við að hemja mótauppslátt við Öngulsstaði sem var farinn að fjúka af stað. Fljótt upp úr því fauk fódursiló og síðan stór partur þaks á kálfafjósi í Sigtúnum. Tíu björgunarsveitarmenn unnu við að negla niður lausar plötur, fergja brak og tryggja fódursilóid við dráttarvélar. Á sama tíma var óskað eftir aðstoð björgunarsveitarinnar í Uppsali en þar voru útihús farin að láta undan veðurofsanum. Sjö manns fóru þangað til að styrkja vegg og negla niður þakjárn.

31. desember

Í birtingu á gamlársdag var 10 manna hópur mættur í Sigtún til að endurnýja þak á kálfafjósi sem fauk í rokinu daginn áður. Þar var unnið hörðum höndum fram eftir degi og klæddir um 100 m² af þaki.

Þegar þeirri vinnu lauk fór megnið af hópnum í Garð til að loka fjósinu, en þar hafði stór þakgluggi sem er eftir

Trésmíðaverkstæði



Björns
frá Hesjuvöllum

- Skjót og góð þjónusta -

- Alveg dagsatt! -

Sími 893 6589

endilöngum mæninum fokið að mestu í burtu. Vinnu-törninni lauk um klukkan 17.

6. janúar

Hjálparsveitin var kölluð út þennan dag vegna manns sem brenndist á fæti á bænum Grænuhlíð. Maðurinn var að vinna við að rafsjóða þegar neistar frá rafsudunni urðu til þess að eldur kviknaði í fötum hans. Manninum tókst að slökkva eldinn og koma sér úr fötunum. Tveir björgunarsveitarmenn voru staddir í Bangsabúð vegna flugeldasölu og fóru þeir strax í Grænuhlíð. Maðurinn hlaut annars stigs bruna á læri og var búid um áverkana með sérstökum brunagrisjum. Maðurinn ákvað að hann skyldi sjálfur koma sér á sjúkrahús ef þess yrði þörf þar sem honum var farið að líða betur bruninn var ekki djúpur.

8.-9. febrúar

Mikið óveður gekk yfir landið þessa tvo daga. Í Eyjafirði var mjög hvasst og fór vindhraði í 47,3 metra á vindmæli við Öxnafell. Nokkrar skemmdir urðu á trjám og einnig fauk stór þakgluggi af lausagöngufjósi á bænum Ytri-Tjörnum. Björgunarsveitin var kölluð út til að aðstoða ábúendur við að negla fyrir gluggann.

12. febrúar

Svæðisstjórn á svæði 11 var kölluð út upp úr hálf tvö þennan dag vegna tveggja skídagöngumanna sem voru í vandræðum á hálendinu ofan Eyjafjarðar. Mennirnir lögðu af stað inn á hálendið daginn áður og ætluðu að ganga suður og yfir. Þegar þeir voru komnir upp að Urðarvötnum urðu þeir að tjalda og halda kyrru fyrir þar sem vonskuveður var á svæðinu.

Höfðu þeir samband við tengilið sinn og báðu um hjálp þar sem þeir treystu sér ekki út úr tjaldinu. Hjálparsveitin Dalbjörg var kölluð út laust fyrir klukkan tvö og voru þá



Björgun manna upp á Urðarvötnum.

Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt nýtt ár



NORÐURORKA
RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI



og aðstoð



Hluti liðsins að koma úr útkalli.

félagar okkar frá Súlum á Akureyri að taka sig til. Klukku-tíma síðar voru alls tíu manns frá hvorri sveit á fjórum jeppum, fimm sleðum og snjóbil komnir að Hólsgerði og héldu inn eftir og upp Vatnahjallann. Sleðamenn Dalbjargar fundu mennina á miðjum Urðarvötnum við GPS-punkt sem skíðamennirnir höfðu gefið upp. Voru mennirnir flutt-ir á sleðum í bílana sem voru að koma upp Vatnahjall-ann. Þeir voru þá orðnir ískaldir eftir veruna í tjaldinu en hressstust fljótlega eftir að þeir komu í heitan bíl. Björg-unarsveitirnar héldu niður til byggða með men- nina og voru komnar klukkan 17 í Grænuhlíð þar sem húsráð-endur voru með heitt á könnunni og bakkelsi handa liðinu.

22. apríl

Aðfaranótt þessa dags fór Ingi og aðstoðaði unga menn sem voru að athafna sig í Eyjafjarðará. Þeir höfðu fest bílinn í sandi neðan við Hrafnagil og vatn var byrjað að flæða inn í bílinn. Billinn var spilaður upp svo að þeir félagar gætu farið að þurrka hann.



Í leitinni á Skáldabúðarheiði.

24. júní

Rétt fyrir kl. 16 var Dalbjörg kölluð út til aðstoðar í Garðs- árdal. Þar hafði maður dottið á vélhjól og fótbrotnað. Óhappið varð austan við ána til móts við eyðibýlið Helg- ársel. Fjórir Dalbjargarmenn fóru af stað á fjórhjólum og fjórir til viðbótar komu á eftir á tveimur jeppum sveitar- innar. Einnig voru 3 bílar frá Björgunarsveitinni Súlum með í för. Aðgerðin gekk vel, búið var um manninn og hann borinn á börum nokkur hundruð metra. Hann var kominn á sjúkrahús um kl. 18:00.



Björgunarmenn að sækja sjúkling á Garðsárdal.


14. júlí

Beiðni kom til Dalbjargarmanna um að sækja bilaðan Land Cruiser sem stóð um 10 km. austan við Laugafell. Sex manns fóru á tveimur bílum Dalbjargar með kerru til að ná í bilaða bílinn. Farið var um kl. 21:00 á mánudags- kvöldi, og komið heim aftur kl. 04:00 um morguninn. Aðgerðin gekk vel í alla staði.

4. desember

Fimm manns frá Dalbjörg fóru í allsherjarleit að rjúpna- skyttu á Skáldabúðaheiði sem er í Skeiða- og Gnjúpverja- hreppi. Svæðisstjórn í Árnassýslu var búin að koma sér fyrir við jaðar heiðarinnar og tilkynnti hópurinn sig til þeirra. Leitarsvæðinu var skipt niður í 60 minni svæði og við fengum svæði númer 23 til leitar. Leitað var á svæð- inu í 3 klst. og það var algjörlega fínkembt. Snjóþekja var yfir öllu og skyggni lélegt og gerði það leitarmönnum erfitt fyrir.

Um 200 björgunarsveitarmenn voru mættir í þetta útkall og var leitað fram í myrkur. Svæðisstjórn gaf svo síðar um kvöldið út þá yfirlýsingu að formlegri leit væri hætt vegna aðstæðna.



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár!*

NORÐLENSKA



Hálendisgæslan 2008

Allir eru farnir að kannast við hálendisgæslu Slysavarnarfélagssins Landsbjargar, en í ár voru björgunar-sveitirnar á hálendinu þriðja sumarið í röð. Þetta árið tóku tveir hópar frá Dalbjörg þátt, og sáu um sína vikuna hvor. Hér kemur ferðasaga annars hópsins.

Föstudaginn 25. júlí lögðum við af stað í hálendisgæsluna, en verkefnið okkar var að fylgjast með norðanverðu miðhálendinu með bækistöðvar í Nýjadal. Við vorum komnir þangað um kl. 5. Ekki liðu nema einn og hálfur tími þar til fyrsta hjálparbeiðnin barst. Þar með byrjaði

annríkið þessa vikuna, en alls urðu hjálparbeiðnirnar tæplega 50 talsins.

Á laugardeginum fengum við þær fréttir að 25 manna rúta væri föst í Nýjadalsá, og fórum við á staðinn og spiluðum hana upp. Ferð bílstjórans áfram gekk þó ekki betur en svo að rútan sat aftur föst, og við þurftum hjálp frá öðrum bil við að spila hana upp í þetta skiptið eftir mikinn mokstur og erfiði. Þennan dag hjálpuðum við líka jeppa með tjaldvagn yfir ána.

Á sunnudag fórum við inn í Jökulheima. Á leiðinni til baka um kvöldið sáum við að miklir vatnavextir voru í ánum í kringum Nýjadal, þannig að við ákváðum að halda okkur nálægt Nýjadal. Á mánudeginum fórum við gamla Sprengisand og fleiri fáfarnar slóðir hjá Nýjadal, og þegar til kom var það góð ákvörðun að vera þarna í kring vegna þess að við drógum alls 7 bíla upp úr ánni þennan dag. Á þriðjudeginum virtist vera að sjatna í ánum, en seinna um daginn jókst vatnsmagnið aftur og hjálpuðum 10 bílum yfir ár þann dag.

Á miðvikudeginum þurftum við að fara í Kistufell og höfðum samband við skálana á svæðinu til að vara við vatnavöxtum í ánum. Svo var sendur hefill upp í Nýjadal til að lagfæra vöðin yfir árnar. Þegar við fórum til baka



Rúta dregin upp við Nýjadal.



Tjaldvagni komið fyrir á keru.



Hjólreiðarmenn aðstoðaðir yfir á.

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

SPORTVER

Glerártorgi - Sími 461 1445

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

VÉLFANG
www.velfang.is



biðum við í einn og hálfan tíma eftir því að hefillinn lagaði vaðið sem við þurftum að fara yfir. Skilaboðin okkar höfðu sem betur fer komist til skila og við þurftum ekki að aðstoða neina bíla þennan dag. Um kvöldmatarleytið fengum við beiðni frá manni sem hafði misst dekk undan tjaldvagni og sat fastur á miðjum veginum sunnan við Nýjadal. Við komum vagninum af veginum til að hann teppti ekki umferð og eigandinn sótti hann daginn eftir.


Á fimmtudeginum vorum við beðnir um að grennslast eftir pari sem ætlaði að ganga inn Vonarskarðið, en þegar við ætluðum að hefja leitina höfðu þau skilað sér í Nýjadal. Eftir það fórum við í okkar síðasta verk, að sækja bílað hjól niður í Bárðardal.

Síðasta daginn nýttum við svo til að pakka niður og undirbúa heimferð. Um klukkan 18:00 héldu tveir þreyttir en ánægðir drengir heim á leið vitandi það að þeir hefðu skipt miklu máli uppi á hálendinu þessa viku.

Þegar við komum heim um miðnætti eftir rúma 2.600 km langaferð okkur mest að setja eldsneyti á bílana, nesta okkur upp á nýtt og leggja aftur af stað upp á hálendið – svo skemmtileg reynsla var þessi vika okkar á fjöllum.

Við viljum þakka Soffíu og Sigurði skálavörðum fyrir gestrisni og hlýlegar móttökur.

Haraldur Þór Óskarsson
Björn Elvar Björnsson



Verið að leiðbeina ferðalöngum.

*Óskum viðskiptavinum og starfsmönnum
farðeils komandi árs
með þakklæti fyrir það sem er að liða*



GK verktakar

Eyjafjarðarsveit

Tækjamót 2008



Húmorinn í lagi hjá liðinu.

Tækjamót Slysavarnarfélagins Landsbjargar hefur verið haldið annað hvert ár víðsvegar um landið. Öllum sveitum er þá boðið að taka þátt og koma á sínum tækjum.

Hjálparveitin Dalbjörg tók að sér að skipuleggja tækjamótið í ár og það var haldið helgina 25.-26. apríl uppi í Jökuldal og á því svæði. Daginn áður fóru nokkrir meðlimir Dalbjargar ásamt fleiri jeppamönnum upp í Jökuldal og gerðu skálana klára og þeir kyntir upp.

Föstudagskvöldið þann 25. apríl var svo mæting í Jökuldal en þar biðu skálarnir vel heitir eftir björgunarsveitarfólkinu sem kom víðsvegar að. Að sjálfsgöðu voru söngtextarnir með í för og brýndu menn raust sína fram eftir kvöldi.

Á laugardagsmorgun var mannskapurinn orðinn klár upp úr kl. 10 og stefnan var tekin á Miklafellið, meðfram Hofsjökli og inn að miðju Íslands við Illviðrahjúka.

Hóparnir skiptust í sleða-, snjóbíla- og jeppaflokka sem voru leiddir af okkar mönnum sem eru vel kunnugir svæðinu.


Ferðin upp að miðjunni gekk mjög vel og tókum við hádegisverðarþásu á miðju Íslandi. Það var mjög gaman að sjá hve margir voru mættir og hversu mikill spenn-ingur var í fólki að hittast á tækjum sveitanna og fá að spreyta sig.

Þegar allir voru orðnir vel nærðir var lagt í hann á ný. Sleðar og snjóbílar tóku beina stefnu austur yfir Laugafellshnjúkinn og í Laugafell en jepparnir tóku stefnuna norðar til að freista þess að finna smá erfiði. Pétur og Ragnar leiddu hópinn á Cruiser gamla fram og til baka yfir nokkrar ár og síðan yfir mikið krapasvæði inn á Skagfirðingaleið og þaðan í Laugafell. Þessi leið var nokkuð snúin og ákváðu ansi margir að taka það í norðlenskum krapa og prófa teygjuspotta og spilín sín.

Í Laugafelli var rúmlega klukkutíma stopp þar sem menn gátu farið í laugina og hópurnir þéttur aftur. Frá Laugafelli var svo keyrt aftur í Jökuldal í mjög erfiðu skyggni. Austan við Miklafellið fengu menn síðan að reyna við brekku, en sumir vilja kannski ekkert ræða það neitt frekar. Stærðin skiptir greinilega ekki alltaf máli í þessu eins og svo mörgu öðru og sannaði Cruiser gamli máltækið, að margur er knár þótt hann sé smár. Þegar allir höfðu skilað sér úr brekkunni renndi hópurnir í Jökuldal. Þar biðu fjórir félagar úr Dalbjörg með grilluð lambalæri og voru búnir að gera allt klárt svo að liðið gæti ruðst á garðana og fengu þau mikið lof fyrir. Frá Dalbjörg fóru 15 manns og allt í allt tóku um 80 manns þátt í þessu með okkur.

Dalbjörg vill þakka öllum þeim sem komu og eyddu helginni með okkur á fjöllum kærlega fyrir, og við bíðum spennnt eftir næsta tækjamóti.

Hjartastopp – PAD hjartastartari



Fljótverkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



Donna
Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is

SJÓVÁ

Strandgötu 3 · Akureyri
Sími 440 2370

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

olís

Olíshúsinu - Tryggvabraut 1



Flotinn við miðju Íslands.



Á leið norður frá Illviðrahnjúkum.

TOSCO EHF
ALHLIDA BYGGINGAVERKTAKI
SÍMI 862 3329

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

BÚTUR
PÍPULAGNINGARJÓNUSTA
AKUREYRI

Njardarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

VSA
VÉLSMIDJAN ÁSVERK

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

Skeljungur hf.
Oddeyrarskála - Sími 444 3161

FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Opnunartími:

28. des. Kl. 10-22 / 29. des. Kl. 10-22

30. des. Kl. 10-22 / 31. des. Kl. 9-16

6. jan. þrettándinn Kl. 12-16

Flugeldasími: **844 1380**



Dalbjörg

Eyjafjarðarsveit





Formannslagur á fjöllum.

Haustferð Dalbjargar

Helgina 4.-5. október var farið í hina árlegu haustferð Dalbjargar. Mæting var á Leirunesti klukkan fimm. Farið var báðum Dalbjargarbílnum og tveimur einkabílum og alls voru 12 manns í ferðinni. Stefnan var sett á Goðafoss, upp Bárðardalinn og í Réttartorfu. Ferðin þangað gekk vel, og það kom okkur á óvart hversu mikill snjór var á svæðinu. Þegar við komum í Réttartorfu bárum við dótið inn úr bílnum og komum okkur fyrir. Það var mjög gott að fá sér að borða og leggjast ofan í svefnpokana á meðan maður hlustaði á vindinn leika sér úti.

Daginn eftir vöknudum við um 10 leytið og fengum okkur morgunmat áður en við brunuðum af stað. Nú var ferðinni heitið upp í Gæsavötn sem eru við rætur Vatnajökuls. Við vorum ekki búin að vera lengi á ferðinni þegar tveir bílar voru búnir að festa sig í snjó. Við vorum ekki búin að gera okkur grein fyrir því hversu mikil snjór var, en þetta var ekki fyrsta skiptið sem við festum okkur. Eftir nokkurn akstur vorum við komin í hraunið þar sem útsýnið var alveg frábært og ekki spillti veðrið fyrir. Loks

sáum við Vatnajökul blasa við og áður en við vissum af sáum við Gæsavötn. Fljótlega var orðið mjög notalegt inni í skálanum og tóku stelpurnar að sér að gera klárt fyrir matinn á meðan sumir strákarnir grilluðu. Svo var tekið upp á því að spila, skiptast á skemmtilegum ferðasögum og misgóðum draugasögum. En eftir langa ferð voru allir búnir á því og gengum við öll til náða.

Daginn eftir sáu Eiður og Kristján um að vekja mannskapinn og í það var notað pottlok og sleif. Eftir morgunmatinn var lagt af stað á ný og var þá ferðinni heitið niður í Laugafell. Ferðin gekk vel þar til upp kom bílun í einum bílnum, en hann var dreginn afganginn af leiðinni. Þegar við komum í Laugafell bættist Hóla-Palli í hópinn á sínum jeppa. Eftir stutt stopp í Laugafelli lögðum við af stað niður Eyjafjarðardalinn og endaði ferðin okkar í Bangsabúð.

Þorbjörg Pálsdóttir
Jón Elvar Gunnarsson



Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Stangarhyl 5
110 Reykjavík
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

Frysti og kæligeymslur

Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar

Staðlaðir klefar frá 0,8 m²
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir

Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting

Uppsjávar- eða bolfiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun

Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta

Hönnun
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar

Óvissudagur Dalbjargar 2008

Stóri óvissudagurinn var haldinn þann 24. maí. Hann heppnaðist auðvitað gífurlega vel og allir skemmtu sér konunglega. Það var reyndar ekki farið langt, en við þurfum nú ekki að yfirgefa Eyjafjörðinn til að skemmta okkur.

Mæting var á Leirunni kl. 10:30 á laugardagsmorgni með nesti og nýja skó, og síðan var haldið út í óvissuna. Leiðin lá inn í sveit, þar sem liðinu var skipt upp í 3 hópa sem reyndu sig svo við hinar ýmsu þrautir sem hin stórkostlega óvissunefnd eyddi mörgum dögum í að undirbúa.

Þrjár stöðvar voru fyrir þrautirnar, og á einni stöðinni reyndi á sveitahuginn í fólki. Þar var verkefnið að rúnta um á lyftara, hoppa á trampólíni, lesa sauðfjármörk og handmjólka kú svo eitthvað sé nefnt. Eitthvað þvældist síðastnefnda verkefnið fyrir einum sveitastráknum, sem bætti reyndar fyrir það með því að drekka mjólkina. Á næstu stöð þurfti fólk að brjóta heilann um hvernig væri best að hella vatni á milli brúsa, leika sér á fjórhjóli og leita að týndum snjóflóðaylum. Á þriðju stöðinni var skyndihjálparverkefni þar sem hinir ýmsu þættir voru metnir hjá liðunum, liðin þurftu að svara spurningum sem reyndust þeim miserðar og rifja upp námskeið í fyrstu hjálp.

Fjórða þrautin var eins konar kapphlaup, þar sem liðin hlupu upp og niður sandhóla með börur og tíndu steina upp í þær. Eftir þetta komu aukafötin sér vel, því sumir tóku upp á því að stinga sér til sunds með börurnar. Fólk var alveg búíð á því eftir hlaupið, en þar sem við erum kúbein þá tók ekki langan tíma

að jafna sig. Næst stoppuðum við á Hrafnagili og fórum í reipi-tog og heilsuðum upp á fólk á tjaldstæðinu.

Eftir þetta lá leiðin til Akureyrar þar sem liðin reyndu með sér í keilu, og þar kom í ljós að fólk er mishæft í þessum léttu leik, að minnsta kosti var ekki vilji hjá öllum til að tjá sig um stigin sín eftir leik. Því næst fóru allir til síns heima og þússuðu sig upp, óvissunefndin taldi stig dagsins og um kvöldið grilluðum við saman og veittum dýrindis verðlaun.

Óvissunefndin vill þakka öllum fyrir þennan frábæra dag og skorar á vinningsliðið að setja saman nefnd að ári.

Takk fyrir okkur!
Frábæra óvissunefndin.



Bubbi að drekka afrakstur sinn beint úr spena.



Hitað upp fyrir kapphlaup.



Verið að leysa þraut í markalestri.



GARÐLAUSNIR



Æfingar efla starfið

Mesti styrkur sem björgunarsveit hefur yfir að ráða er vel þjálfaður mannskapur. Menn hafa auðvitað mismikinn tíma og áhuga til að sinna öllu því starfi sem býðst í björgunarsveit. Fólk gengur í björgunarsveitir til að láta gott af sér leiða með því að aðstoða annað fólk, en mesta tímanum er í raun varið í sjálfböðavinnu, námskeið og annað því um líkt. Með tímanum standa sveitirnar síðan frammi fyrir því að björgunarsveitarmenn staðni eða detti jafnvel út úr starfinu. Það er mikilvægt að björgunarsveitir haldi í allan sinn mannskap og sýni þeim að þeir eru sveitinni mikilvægir.

Í fyrra byrjaði Dalbjörg að skipuleggja og setja upp eigin æfingar fyrir sitt fólk. Þessar æfingar eru vel skipulagðar og eru eins raunverulegar og kostur er. Þátttaka félaga á æfingum er gríðarlega góð. Þær virka eins og adrenalínsprauta fyrir starfið og þeir sem hafa ekki verið starfandi lengi, detta inn í starfið aftur.

Það sem við höfum lært á því að halda eigin æfingar er það að þeir sem geta mögulega mætt mæta á þær og félagar gera sjálfir kröfu um að svona æfingar séu haldnar reglulega.

Í byrjun vetrar héldum við eina slíka æfingu. Tveir menn sáu um að skipuleggja hana og lagt var upp með að hún yrði raunveruleg og á stað sem líklegt er að slys gæti orðið. Staðurinn og tilfellið var valið og handrit að æfingunni skrifað. Tveimur kvöldum fyrir æfingu var

haldið námskeið í skipulagi á vettvangi og upprifjun í skyndihjálpi.

Æfingin var boðuð sem útkall og var sent sms: „Æfing, Útkall F1 Rauður, Bílslys Eyjafjarðardal, 2 slasaðir, Æfing“ á Dalbjörg. Þá voru mættir 16 manns í Bangsabúð. Þau skipulögðu sig, tóku nauðsynlegan búnað og lögðu af stað á þremur bílum sveitarinnar.

Á leiðinni fengu þau upplýsingar frá svæðisstjórn um tilfellið, slasaða og týnda og mögulega staðsetningu. Eftir smá leit fannst vettvangurinn í Vatnahjalla og það kom í ljós að sjúklingarnir voru þrír; einn fótbrotinn, einn týndur og þriðji alvarlega slasaður í bíl sem hafði oltið niður brekkuna.

Vettvangsstjóri var skipaður og síðan var skipað í leit- ar- og björgunarhópa. Svæðisstjórn á svæði 11 vann með okkur allan tímann en hún hafði fengið handrit að æfingunni svo að hún gæti leikið með af fullum krafti. Mannskapurinn þurfti að sinna tveimur slösuðum auk þess að leita að þeim þriðja sem átti að hafa verið í bílnum. Verkefnið voru leyst mjög vel við erfiðar aðstæður í miklum bratta, myrkri og rigningu.

Eftir æfinguna var haldinn rýnifundur þar sem allir sem vildu gátu tjáð sig um það sem betur mátti fara og hvað var vel gert.

Pétur R. Tryggvason



Björgunarmenn hlúa að mikið slösuðum sjúkling.



Sjúklingur tilbúinn fyrir æfinguna.



G Gröfur
V

Óseyri 2 • 603 Akureyri • Sími 462 5700
Fax 462 5701 • Kt. 500795-2479

Vettvangsstjórinn og aðstoðarmaður höfðu nóg að gera.



Samningur milli Slökkviliðs Akureyrar og Hjálparsveitarinnar Dalbjargar



Þorbjörn og Helgi handsala samninginn.

(Mynd:Dagstjós)

Þann 15. desember undirrituðu Þorbjörn Haraldsson slökkviliðsstjóri og Helgi Schiöth félagi í Hjálparsveitinni Dalbjörg samstarfssamning milli Slökkviliðs Akureyrar og Hjálparsveitarinnar Dalbjargar. Samningurinn felur í sér að Hjálparsveitin Dalbjörg tekur að sér að aðstoða Slökkvilið Akureyrar við slökkvi- og björgunarstörf í Eyjafjarðarsveit og nágrenni. Slökkvikerra með dælu, slöngum og öðrum búnaði verður staðsett í Bangsabúð, húsnæði hjálparsveitarinnar að Steinhólum. Slökkvilið Akureyrar mun sjá um að þjálfa og halda æfingar fyrir hjálparsveitina en ráðgert er að innan hennar muni 6-8 manna hópur sjá um þennan þátt. Þar að auki mun Slökkviliðið styrkja sveitina á annan hátt, s.s. með búnaði og námskeiðum. Þessi samningur er stór viðurkenning fyrir Dalbjörg á því starfi sem hún hefur sinnt síðustu ár.

Veistupjónusta Greifans

Vid öll tækifæri

GREIFINN
VEITINGAHOUS
www.greifinn.is • 460 1600
Leitið upplýsinga

vörður
tryggingar hf.

„Sæll bóndi“

Gærdagurinn byrjaði með nokkrum örvæntingarfullum símtölum til að fá menn til að dratthalast út í góða veðrið. Ég vaknaði um 7 leytið vitandi það að ég hafði enga ástæðu til að fara á fætur fyrr en klukkutíma seinna, en þá var mér litið út um gluggann. Við mér blasti heiðskír himinn og þvílík blíða. Ég hringdi nokkur árangurslaus



Á leið um Laugafell.



Norðan í Tungnafellsjökli.

símtöl sem voru öll á sömu leiðina: „Pétur, ég er að fara að vinna“ eða „Ég er að verða búinn að skrópa mig úr skólanum“. Þá var bara eitt að gera, athuga hvernig gengi í fjósi hjá Hlyni.

Það stóð ekki á Hlyni frekar en fyrri daginn, hann var klár á sleða. Við lögðum í smá „skreppu“ inn á Glerárdal um 10:30 og það var allt eins og best var á kosið, veðrið og færið hrikalega gott og snilldar ferðafélagi. Neðan við Súlur var fyrsta stoppið, það var allt svo dásamlegt að það var klárt að við færum inn í Laugafell og bara upp á Vatnajökul. Þannig fór það, hugmyndin komin og af stað inn Glerárdalinn í Lamba. Svo var haldið áfram upp gilið og upp á Þrómina, niður í Skjöldal og suður upp úr honum. Við þræddum Kambana þar til við enduðum í Litla Koti. Snjóléttasti parturinn var að baki og nú var það stóra gjöfin í gegnum Bergland og í Laugafell, enda vorum við orðnir svangir. Við snæddum hádegismatinn kl. 13:30 og lögðum svo af stað beina leið að Tungnafellsjökli. Færið var orðið rosalegt þegar við nálguðumst jökulinn, púður og meira púður. Við fórum upp á jökulinn örliðið sveittir eftir baráttu við nokkur gil og festur. Af jöklinum skelltum við okkur niður í Vonarskarð og þaðan upp Jadarinn og upp á Köldukvíslarjökul.

Uppi á Vatnajökli rann upp fyrir okkur að þetta gæti ekki varað endalaust þannig að við stoppuðum. Við vorum búnir að keyra um 150 km leið nánast úr miðbæ Akureyrar og upp á Vatnajökul. Þetta var orðið ágætt, Hlynur þóttist heyra í kúnum sínum í fjarska og tími kominn til að halda heim. Við fórum niður af Vatnajökli, norður Vonarskarðið, upp Gjóstuklifið og framhjá Hnifflunum, yfir jadar Tungnafelssjökuls og beinustu leið upp á Fjórðungstöðu. Klukkan 18 vorum við í Laugafelli aftur og borðuðum afganginn af nestinu auk þess sem við bættum eldsneyti á fákana.

Við skelltum fram þeirri snilldarhugmynd að fara bara niður Garðsárdalinn og auðvitað var hún samþykkt samhljóða. Næsti áfangastaður var því Landakot og þaðan fórum við yfir snjóbreiðurnar, þar sem hvergi sá á dökkan díl, og að Gönguskörðum. Við skelltum okkur þar niður og ofan í Garðsárdal. Sólin lék enn við okkur þar sem við tættum niður dalinn í kapp við hvorn annan þar til við stoppuðum á kerrunni okkar í Garði, en Palli Hefill hafði auðvitað reddað bílnum og kerrunni okkar yfir í Garð.

Klukkan var rétt orðin átta og góður dagur með 330 km skrepp að baki.

Pétur R. Tryggvason



Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



HÚSASMÍÐJAN

Skútvogi 16 • Sími 525 3000

Fjarskipti hjá björgunarsveitum

Fjarskipti hjá björgunarsveitum hafa verið með ýmsu sniði í gegnum tíðina og í þessari grein ætla ég að reyna að drepa á helstu atriðin.

Fyrir um 15-20 árum síðan var uppistaðan í fjarskiptum sveitanna labb-rabb stöðvar með mjög litla sendidrægni. Eftir það komu fyrstu VHF stöðvarnar sem voru fyrirferðarmiklar, þungar og ómeðfærilegar, en mörg okkar sem eldri erum munum eftir þeim. Til lengri fjarskipta á landsvísu voru notaðar svokallaðar SSB stöðvar sem líka voru stórar og háðar því að vera fasttengdar í rafmagn. Með þeim var þó hægt að tala um lengri veg en með hinum stöðvunum og lengi vel var rekin hlustunarþjónusta í Gufunesi fyrir þetta kerfi.

Um 1986-87 kemur NMT bílasíminn fram sem olli byltingu í fjarskiptum. Nú var hægt að hringja í alla heimasíma og á milli bíla eins og ekkert væri og hefur NMT kerfið þjónað okkur fram á þennan dag. Nú eru aðeins vikur eða mánuðir í að því verði lokað endanlega þar sem GSM kerfi símafyrirtækjanna hefur eflst til muna. Má þá segja að megin uppistaðan í fjarskiptum björgunarsveita í dag byggist á VHF kerfinu sem er mjög tryggt og keyrir á fjölda senda vítt og breitt um landið. Það hefur þó þá ókosti að ansi margir getað hlerað það.

Það sem er nýjast í þessum málum er kerfi sem heitir TETRA sem er með fjöldann allan af sendum og þekur dreifikerfi þess um 80% af landinu. Tetra kerfið hefur þá kosti að fáir geta hlerað það og hægt er að tengja alla viðbragsaðila saman í sömu stöð, þ.e. hægt er að tengja saman lögreglu, slökkvilið, sjúkraflutningsmenn og björgunarsveitir og við það sparast að þurfa að vera með margar stöðvar í stórum aðgerðum.

Ég vona að þið séuð einhverju nær um fjarskiptamál björgunarsveitanna eftir þennan stutta pistil.

Ingvar Þ. Ingólfsson



Óska viðskiptavinum okkar

gledilegs árs

með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Námskeið

Tetra fjarskipti - 24. febrúar

Námskeiðið var haldið í Bangsabúð. Leiðbeinandi var Ingólfur Haraldsson frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg. Á námskeiðinu fór hann yfir grunnvirkni Tetrakerfisins, skipulag björgunarsveita í kerfinu s.s. talhópaskipulag, númerakerfi o.fl. Einnig fór hann vel yfir notkun á handstöðinni og leyfði fólki að skoða og prófa stöðvar. Það er mikilvægt að allir björgunarsveitarmenn sem sinna útköllum taki þetta námskeið. Með Tetravæðingu björgunarsveita erum við að fara inn í breytt fjarskiptaumhverfi sem allir þurfa að skilja og geta notað.

Fyrsta hjálp 2 - 17.-20. maí

Þetta námskeið var haldið í Hrafnagilsskóla. Þar var fyrst tekin góð upprifjun úr Fyrstu hjálp 1 og síðan verklegar æfingar. Þetta námskeið er einnig ætlað til að búa þátttakendur undir það að takast á við stóráföll og eftirköst þeirra. Leiðbeinandi var Anna Sigrún Rafnsdóttir.

Leitartækninámskeið - 8.-9. nóvember

Fjórir meðlimir frá Dalbjörg fóru á þetta námskeið sem var haldið á Dalvík. Leiðbeinandi var Eva Hlín úr Björgunarsveitinni Ársæl. Hún fór vel og vandlega yfir leitarad-

ferðir, misjafnar aðstæður við leit og nauðsynlegan búnað. Einnig tók hún tvær æfingar með hópnum, annars vegar æfingu í svæðis- og fínleit og hins vegar lokaæfingu.

Stjórnun og skipulag - 16. nóvember

Alls mættu 16 manns fram í Bangsabúð og leiðbeinandi var Pétur Róbert. Hann fór yfir það hvernig við eigum að bera okkur að á vettvangi og hvernig skipulag byggist upp. Þetta vakti miklar umræður og mikill áhugi er fyrir því að brýna þennan þátt innan sveitarinnar.

Kvöldinu lauk síðan með upprifjun í skyndihjálpi.

Ferðamennska og rötun 19.-21. september

Leiðbeinandinn var Jón Ingi frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg. Markmið námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfari til þess að stunda ferðamennsku og útivist af öryggi við erfiðar aðstæður. Farið var yfir notkun áttavita og GPS tækja og haldin æfing með tækjunum úti. Jón Ingi kom einnig með mikið af búnaði til að sýna félögum og sagði ýmsar sögur úr sínu starfi sem tengjast ferðamennsku á einn eða annan hátt. Þetta var mjög skemmtilegt og gagnlegt námskeið.



Sleðadeildin á æfingu.



Molar úr starfinu

Fjáraflanir

Í febrúar sáum við um gæslu á þorrablótinu á Hrafnagili, og unglíngadeildin okkar sá um sjoppuna. Við unnum í miðasölu og gæslu á Handverkshátíðinni á Hrafnagili, þar sem unglíngadeildin vann líka með okkur. Við vorum í gæslu á tjalðsvæðinu á Hrafnagili í sumar og á Kabarettinum í nóvember. Tjalðið okkar var einnig leigt í sumar, við fórum í girðingavinnu á Melgerðismelum og í Öxnafellu og svo var farið með heyrúllur upp í Laugafell fyrir hestamenn.

Ferðir

Helgina 14.-16. mars var farin þriggja daga ferð upp á hálendið ásamt Björgunarsveitinni Tý á Svalbarðseyri. Það var farið í Laugafell, upp í Gæsavötn og á Köldukvíslarjökul og einnig kíktum við á miðju Íslands. Í þessari ferð hittum við einnig félagar úr Björgunarsveitinni Strákum á Siglufirði. Þessi ferð var vel heppnuð í alla staði og lék veðrið við okkur þessa daga.

Þann 28. mars var farin æfingaferð á Flateyrdalsheiði. Við fórum á öllum okkar tækjum og félagar frá Björgunarsveitinni Tý slógust með í för. Um nóttina var gíst í Heiðarhúsum og haldið heim daginn eftir.

Sleðadeild

Mikið starf var hjá sleðadeild síðasta vetur. Margir nýjrir félagar fengu að spreyta sig á sleðnum og reyndist það vel. Síðasta vetur voru farnar um 16 lengri og skemtri æfingarferðir á hálendið, svæðið hér í kring og út með firði. Sleðarnir okkar reyndust vel og voru þeir eknir um 2000 km hvor og lítið viðhald var á þeim.

Fundir

Á árinu voru haldnir 9 almennir fundir. Stjórnin fundaði einnig reglulega, aðalfundur var haldinn þann 19. apríl og unglíngadeildin og sleðadeildin héldu sína fundi. Vinnukvöld og undirbúningsfundir voru einnig haldnir og þann 20. febrúar var haldinn erindrekafundur á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Annað

Við héldum fjölskyldudag þann 19. apríl uppi á Víkurskarði þar sem mættu um 60 manns. Allir skemmtu sér vel við að prófa tækin og renna sér í snjónum. Smári kokkur grillaði pylsur handa liðinu og dagurinn tókst alveg einstaklega vel, enda lék veðrið við okkur.

Þann 1. maí fengum við heimsókn frá Björgunarsveitinni Húnum. Í júní sáum við um kassaklifur í íþróttasal Hrafnagila.




Girðingarvinna í Öxnaelli.



Yngsta kynslóðin lét sig ekki vanta.

gílsskóla eftir kvannahlaupið og þann 21. júní bauð fjölskyldan í Grænuhlíð sveitungum til veislu í þakklætisskyni fyrir hjálpina þegar skriðurnar féllu á bæinn einu og hálfu ári áður. Í nóvember fórum við okkar árlegu reyk-skyngjarayfirferð um sveitina og seldum einnig Neyðarkallinn.

Um áramótin verður svo flugeldasalan okkar í Hrafnagilsskóla eins og undanfarin ár, og hlökkum við til að sjá ykkur þar.



Dalbjörg

þakkar veittan stuðning

Plastás ehf
Einangrunarplast



Óseyri 4 - Sími 462 7799

B **BLIKKRÁS EHF**
ÓSEYRI 16 • 603 AKUREYRI



TRÉBORG

GLØFI



BÍLVIRKI hf.



STRAUMRÁS hf.



emmessis



SAMHERJI HF



KARL K. KARLSSON

Ekran



Björgunarsveitin Týr á Svalbarðseyri

Félagar okkar í Hjálparsveitinni Dalbjörg buðu okkur pláss í Dalbjargarblaðinu í ár. Við þáðum það auðvitað með þökkum og hér kemur stutt kynning á björgunarsveitinni okkar og helstu störfum.

Björgunarsveitin Týr á tvo bíla og húsnæði á Svalbarðseyri. Annar bíllinn er af gerðinni Nissan Patrol og hinn er Ford Econoliner og hafa þessir bílar reynst okkur vel. Í ár voru farnar tvær æfingaferðir með Hjálparsveitinni Dalbjörg. Fyrst var farin helgarferð í Laugafell og á svæðið



Máni og Þorgils við miðju Íslands.

þar í kring og síðan var farin einnar nætur ferð út í Flateyjarðal. Einnig má nefna að nú í haust fórum við með Hjálparsveitinni Dalbjörg á fulltrúaráðsfund fyrir sunnan.

Nú er verið að koma af stað unglíngadeild hjá okkur og var farin ferð í klifur og sig í klifurvegnum hjá Björgunarsveitinni Súlum og



Bílafloti Björgunarsveitarinnar Týs

einnig fórum við í ferð upp á Vaðlaheiði þar sem krakkarnir voru dregnir á slöngum og sleðum.

Útköll og aðstoðarþeir hjá Björgunarsveitinni Tý árið 2008 voru af ýmsu tagi. Við fórum nokkrar ferðir á Víkurskarð að aðstoða bíla, náðum í bíl upp í Vaðlaheiði, aðstoðuðum bíl sem lent hafði út af og svo fóru tveir frá okkur í leitina á Skáldabúðarheiði svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru sótt ýmis námskeið á árinu. Við höldum námskeið í Fyrstu hjálp og svo sóttum við námskeið í Tetra 1, Fjarskipti 1 og Rötun.

Björgunarsveitin Týr vill þakka eftirfarandi aðilum stuðninginn: Kjarnafæði, Ice-Fox og Hinrik ehf. Svalbarðseyri, Vegbúinn - Gripaflutningar ehf.

Að sjálfsögðu verður áramótabrennan og flugeldasýningin kl. 20.00 á gamlárskvöld, eins og undanfarin ár.

Flugeldasalan verður í anddyri Valsárskóla á Svalbarðseyri á eftirfarandi tímum:

28. desember	kl. 18-22
29. og 30. desember	kl. 15-22
31. desember	kl. 11-13



FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA





GARMIN

K2Icehobby er umboðsaðili fyrir Garmin á norðurlandi

K2Icehobby er fyrirtæki starfrækt á Akureyri. Fyrirtækið er afar öflugt á sviði verslunar og þjónustu tengdu mótorsporti og útivist. Hjá okkur starfa átta manns og þar af fjórir á verkstæði. Verkstæðið er tvískipt, annars vegar vélhjóla- og vélsleðaverkstæði og hins vegar sérhæft jeppabreytinga- og þjónustuverkstæði fyrir jeppaeigendur. Verkstæðið hefur breytt og þjónustað þó nokkuð marga bíla fyrir hjálparsveitir, nú síðast var verið að afhenda Nissan Patrol breyttan á 44" fyrir Björgunarsveitina Tind á Ólafsfirði. Fyrirtækið býr yfir mikilli reynslu og þekkingu á þessu sviði. Halldór G. Hauksson er okkar sérfræðingur í ráðgjöf varðandi varahluti, viðgerðir og breytingar. Það væri ánægjulegt ef þú eða þín deild vilduð kynnast þjónustu okkar, hvort sem er í ráðgjöf eða vinnu. Við leggjum metnað okkar í góða þjónustu og vönduð vinnubrögð.

Hafið sambandi í síma 464-7960 eða 840-7961 eða sendið tölvupóst á k2icehobby@k2icehobby.is
www.k2icehobby.is



Minnum á góð kjör til hjálparsveita

K2Icehobby á mikið af vara- og aukahlutum á lager, t.d. milligíra, hlutföll, ljóskastara, loftdælur og margt fl. Með eigin innflutningi á þessum vörum getum við boðið okkar viðskiptavinum góð verð.

K2Icehobby er umboðsaðili fyrir **Arctic Cat** og **Lynx vélsleða**. Einnig seljum við **Garmin** staðsetningartæki. Full búð af vörum sem eiga erindi til útivistarfólks.

MOTUL

Oliurnar, fyrir þá sem gera kröfur til fjalla

Halvarssons

fatnaðurinn sænski sem Íslendingar þekkja til fjalla



Höfuðljós í úrvali



www.K2icehobby.is
 Dalsbraut 1 600 Akureyri Sími 464-7960